



Kennari: Sigrún Ína Ásbergisdóttir

Skammstöfun: SÍA

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er yfir áhrif sjálfsmýndar og sjálfstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi góðra samskipta.
- Mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti.
- Áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti.
- Áhrifum sjálfsmýndar og sjálfskilnings á samskipti.
- Aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti.
- Hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Setja sig í spor annarra í samskiptum.
- Sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum.
- Nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum.
- Læra af eigin samskiptum og annarra.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðernis.
- Eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi.
- Leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi.

Námsefni:

Efni frá kennara. Og kafli 16 úr Hjúkrun 1. þrep.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Námsefni (glærur og kennslubók)	Verkefni
Mannleg samskipti	
Ég (ég)	Verkefni
Jákvæð sálfræði	
Fólk í fyrirrúmi (sækinnsvekkinn)	Verkefni
Ég á vandann (samskipti mín og minni nánustu)	Verkefni
Altengsl og samstígun	Smásaga
Streita	
Efnisleg og persónuleg þjónusta	Leikrit
Fékkstu hugmynd	
Viðtalsverkefni	Verkefni í þremur liðum

Sérreglur áfangans:

Próflaus áfangi og 100% mætingar- og skilaskylda.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Öllum verkefnum þarf að skila á réttum tíma, nema að um annað sé samið við kennara. Virkni í tímum og ástundun þarf að vera 100% þar sem áfanginn er próflaus og hver tími er verkefnatími. Ef mæting og skil fara niður fyrir 90% þarf nemandi að taka próf í áfanganum.	
Verkefni til mats og vægi þeirra	Ég Hvað vil ég fá út úr lífinu? Smásaga Samskipti mín og minna nánustu Sækinnsvekkinn Efnisleg og persónuleg þjónusta - leikrit Ferilskrá Mæting, spjall og virkni Viðtalsverkefni	5% 10% 10% 10% 10% 5% 10% 15% 25%

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.